

Fundargerð 13. fundar

Föstudaginn 9. október 2020 var haldinn 13. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Arndís Harðardóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Bjarki V. Guðnason, varamaður
- Björk Grétarsdóttir
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Christiane L. Bahner og Páll Tómasson boðuðu forföll. Bjarki V. Guðnason mætti fyrir Skaftárhrepp.

Auk kjörinn fulltrúa sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 7.30

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 12. fundar var borin upp og samþykkt án athugasemda.

2. Starfshópar

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Búið er að uppfæra minnisblað um atvinnu- og byggðamál og sameiginlega hagsmuni gagnvart ríki og Alþingi til samræmis við ábendingar frá síðasta fundi. Þá hefur verið sett saman betri umfjöllun um byggðasamlög og samstarfsverkefni.

Ákveðið að birta minnisblöð starfshópanna á vef verkefnisins www.svsudurland.is.

Rætt um brunavarnir. Til fundarins mættu slökkvistjórnarnir Leifur Bjarki Björnsson frá Bunavörnum Rangárvallasýslu, Ívar Páll Bjartmarsson, slökkviliði Mýrdalshrepps og Bjarki V. Guðnason frá slökkviliði Skaftárhrepps. Fram kom að slökkviliðin eigi nokkuð í land til að uppfylla skilyrði laga og reglugerða og að tækifæri liggi í að vinna að því í sameiningu. Sérstaklega var rætt um eflingu brunaeftirlits, sérhæfingu og nýtingu mannafla og aukinn slagkraft í að berjast fyrir hagsmunum gagnvart stórnotendum s.s. Landsvirkjun.

3. Fjárhagsleg staða verkefnisins og greiðsla nefndarlauna

Frestað til næsta fundar.

4. Íbúafundir

Róbert fór yfir niðurstöður fundar ráðgjafa með kynningarfulltrúum sveitarfélaganna og tillögur að fyrirkomulagi íbúafunda.

Ákveðið var að halda íbúafundina á eftirfarandi dagsetningum:

Ásahreppur	mánudag 19. október
Rangárþing ytra	þriðjudag 20. október.
Rangárþing eystra	miðvikudag 21. október
Mýrdalshreppur	fimmtudag 22. október
Skaftárhreppur	þriðjudag 27. október

Minnisblöðin starfshópa verða birt á vef verkefnisins fyrir íbúafundi. Ákveðið að fá teiknara til að myndlýsa fundunum. Fundirnir verða auglýstir í Búkollu og á heimasíðum sveitarfélaganna. Heimasíða verkefnisins verður notuð sem landingarsíða með ítarlegri upplýsingum. Mikilvægt er að allar upplýsingar séu aðgengilegar þar.

Samþykkt að leggja áherslu á leiðbeiningar og aðstoð við að komast inn á fundina eða fylgjast með streymi frekar en að bjóða upp á staði þar sem fólk getur komið saman til að horfa á streymi. Áhersla verður lögð á að fólk mæti tímanlega og sé búið að tryggja sér aðstoð.

Íbúum verður bent á að leita til skrifstofa í góðan tíma fyrir fundina, þurfi þeir aðstoð við að tengjast.

Allir þátttakendur í starfshópum og allir kjörnir fulltrúar í sveitarfélögunum verða boðaðir á alla fundi.

Ákveðið var að þýða samantekt niðurstaðna starfshópa á pólsku og ensku.

5. Viðhorfskannanir

Róbert fór yfir tilboð Zenter og Maskínu. Tilboðin miðast við svipað sambærilegt verklag og skipulag. Tilboð Zenter miðast við þýði en Maskína miðar við að tekið sé úrtak í stærri sveitarfélögunum. Munur á verði í tilboðunum er umtalsverður. Ákveðið að semja við Zenter um könnunina. Gert er ráð fyrir að hún verði lögð fyrir í lok október og byrjun nóvember.

Mikilvægt er að könnunin verði kynnt vel og íbúar hvattir til þátttöku.

6. Næstu fundir verkefnishóps

Ákveðið að næsti fundur verkefnishópsins verði fjarfundur þann 16. október nk. kl. 7:30-9:00. Ráðgjafar gera tillögu að skiptingu hópsins á milli starfshópa. Á fundinum verði drög að kynningu á íbúafundum rædd.

Formaður sleit fundi kl. 9:00.